

Borgarráð

Aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögur að aðgerðum til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Tillögurnar eru settar fram í formi aðgerða og felast einkum í kortlagningu og greiningum, mælingum og upplýsingagjöf. Sumar tengjast verklegum framkvæmdum eða undirbúningi þeirra. Aðrar tengjast því að skerpa á stefnu eða skipulagsskilmálum í skipulagsáætlunum borgarinnar. Mikilvægt er að líta á aðgerðirnar sem þverfaglegt verkefni og síbreytilegt samstarf. Aðgerðunum verður fylgt eftir af stýrihópi um loftslagsmál.

Greinargerð:

Í loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar er sagt að „Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og lagi sig að loftslagsbreytingum með vistvænum og mannvænum hætti. Aðgerðir verða endurskoðaðar árið 2020 og á 5 ára fresti eftir það í samræmi við Parísarsamkomulagið 2015. Árangur verður mældur á 2 ára fresti miðað við stöðuna árið 2015.“ Þegar stefnan var sett fram 2016 fylgdi nokkuð ítarleg aðgerðaáætlun yfir verkefni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerðir sem tengdust aðlögun að loftslagsbreytingum voru tvær:

„Kortleggja skal helstu áhættuþætti, þ.m.t. flóðasvæði, setja inn í skipulag og gera áætlun um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir. • Innleiða skal blágrænar ofanvatnslausnir og gera ráð fyrir grænum lausnum við flóðavarnir auk tæknilegra lausna.“ Borgin hefur einnig sett sér stefnu og aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni. Þar er m.a. farið yfir aðgerðir til að greina áhrif loftslagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni.

Í samræmi við aðgerðir í loftslagsstefnunni og þátttöku borgarinnar í alþjóðlega verkefninu Covenant of Climate and Energy hefur verið unnin heildar kortlagning á helstu áhættuþáttum. Sú kortlagning byggir m.a. á umhverfisskýrslu með Aðalskipulagi 2010-2030 og þeirri stefnumörkun sem kemur fram í Aðalskipulagi. Þær tillögur sem settar eru fram hér að neðan byggja á úttektinni „Yfirlit yfir helstu áhættuþætti vegna loftslagsbreytinga í Reykjavík, leiðir til aðlögunar og staða mála.“ sem var unnin af ALTA að beiðni Reykjavíkurborgar. Þar kemur m.a. fram úttekt á stöðu mála í Reykjavík vegna loftslagsbreytinga. Það eru aðallega fjórir þættir sem loftslagsbreytingar hafa haft áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á:

- Hækkun yfirborðs sjávar
- Úrkomu og flóð
- Lífríki og gróðurfar
- Ofsaveður og fárviðri

Meðfylgjandi eru aðgerðir vegna allra áhrifaþáttanna nema „ofsaveður og fárviðri“ þar sem ekki eru til gögn um þann þátt eins og staðan er í dag. Aðgerðum til aðlögunar að loftslagsbreytingum er skipt niður í þrenns konar lausnir, gráar, mildar og grænar lausnir.

Tillögurnar eru settar fram í formi aðgerða og felast einkum í kortlagningu og greiningum, mælingum og upplýsingagjöf. Sumar tengjast verklegum framkvæmdum eða undirbúningi þeirra. Aðrar tengjast því að skerpa á stefnu eða skipulagsskilmálum í skipulagsáætlunum borgarinnar. Mikilvægt er að líta á aðgerðirnar sem þverfaglegt verkefni og sібreytilegt samstarf. Aðgerðunum verður fylgt eftir í stýrihópi um loftslagsmál.

Aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum í Reykjavík

Gráar lausnir:

Verkefni	Samstarfsaðilar
Farið verði yfir flóðavarnir sem fyrir eru og skoðuð uppsetning nýrra. Er ástæða til að hækka, bæta við varnir? Ákvörðun hvað þetta varðar byggji m.a. nákvæmari á kortlagningu á hættusvæðum vegna hækkunar sjávar á vegum LUKR.	Skrifstofa framkvæmda og viðhalds SEA
Nýta ætti framkvæmdir við sjóinn til að skoða hvort nauðsynlegt sé að bæta flóðavarnir.	Skrifstofa framkvæmda og viðhalds SEA
Á svæðum þar sem flóðahætta hefur verið skilgreind verði greint hvaða kvaðir eru nauðsynlegar til að tryggja rekstur og öryggi bygginga á meðan á flóðum stendur. Kvaðir gætu m.a. snúið að því að óheimilt sé að setja rafmagnstöflur og lykllagnir neðan áætlaðrar flóðahæðar.	Skipulagsfulltrúi Veitur

Mildar lausnir:

Verkefni	Samstarfsaðilar
Kortlögð verði hættusvæði vegna hækkunar sjávar nánar en gert hefur verið.	LUKR
Teknar verði saman upplýsingar yfir tjón á innviði í borginni sem orðið hafa vegna ágangs sjávar, vegna flóða í ám og vötnum og holræsum borgarinnar. Einnig verði tryggð uppfærsla gagnagrunnsins í framhaldi.	Skrifstofa reksturs og umhirðu SEA
Við næstu endurskoðun Aðalskipulags Reykjavíkur verði farið yfir með markvissum hætti til hvaða ráðstafana þarf að grípa vegna sjávarflóða og annarri náttúruvá tengdri loftslagsbreytingum	Deildarstjóri AR

Í þeim hverfum þar sem flóðahætta er verði afmarkað svæði og settir skilmálar sem taka á þessu.	HverfisSKIPulag
Fylgst verði með hækkun sjávarborðs og það mælt reglulega. Einnig verði teknar saman upplýsingar aftur í tímann eftir atvikum. Eftirlit verði haft með hækkun sjávar og upplýsingum miðlað opinberlega (einnig upplýsingum aftur í tímann eins og hægt er).	Faxaflóahafnir Almannavarnir
Metin verði hætta vegna ofanflóða þ.e. vegna snjóflóða og skriðufalla í Esjuhlíðum m.a. á helstu gönguleiðum. Unnið í samstarfi við Veðurstofu Íslands sem hefur þegar unnið mat fyrir hluta af Esjuhlíðum.	Almannavarnir Veðurstofa Íslands
Rannsókuð verði frekar áhrif súrnunar sjávar á fiskistofna umhverfis landið og efnahagsleg áhrif þess skoðuð. Æskilegt að vinna að slíku með samstarfi á landsvísu.	Háskólar
Áframhaldandi vöktun verði á framgangi smádyra og ágengra tegunda plantna.	Skrifstofa umhverfisgæða

Grænar lausnir:

Verkefni	Samstarfsaðilar
Reykjavíkurborg hefur markað þá stefnu að innleiða blágrænar / sjálfbærar ofanvatnslausnir. Ákveða þarf nánar tilhögun þeirrar innleiðingar.	Stýrihópur um innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna
Að nýtt verði þau tækifæri sem liggja í hlýnun loftslags með bættum vaxtarskilyrðum gróðurs til að auka við gróður í borgarlandinu og bæta grænar tengingar í borginni.	Skrifstofa umhverfisgæða Skrifstofa reksturs og umhirðu

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Yfirlit yfir helstu áhættuþætti vegna loftslagsbreytinga í Reykjavík, leiðir til aðlögunar og staða mála. dags. 28. sept. 2017.